



# REGLUGERÐ

## Um flutning leikamanna milli aldursflokka

### 1. gr.

Félögum er heimilt að tefla fram leikmanni/mönnum í 2. og 3. flokki sem eru einu ári eldri í karlaflokkum og tveimur árum eldri í kvennaflokkum heldur en flokkaskipting segir til um samkvæmt reglugerð nr. 12 um framkvæmd móta sbr. d) liður 2. gr. Heimilt er að færa til að hámarki þrjá útileikmenn og einn markmann í hverjum leik (1).

### 2. gr.

Félög sem nýta sér heimild samkvæmt ákvæði 1. gr. skulu sækja um til skrifstofu ÍHÍ með tölvupósti hvaða leikmenn verða mögulega færðir á milli flokka á keppnistímabilinu. Umsóknaraðili skal rökstyðja ástæðu þess að sótt er um færslu fyrir leikmanninn.

- a) Skrifstofa ÍHÍ skal leita umsagnar annarra félaga um hvort flutningurinn skuli leyfður. Félögin sem um ræðir skulu hafa að hámarki 36 tíma til að svara og skal neikvæðu svari fylgja rökstuðningur. Svari félag ekki telst það hlynt flutningnum.
- b) Þegar umsókn og rökstuðningur liggja fyrir skal framkvæmdastjóri ÍHÍ úrskurða hvort leikmaður fær flutning.
- c) Framkvæmdastjóri ÍHÍ skal m.a. hafa eftirfarandi í huga við úrskurð sinn:
  - rökstuðning félaga samanber 2. gr. og a) liðar 2. gr.
  - leikjafjölda leikmannsins í sínum upprunaflokki (2).
  - líkamlega burði leikmannsins.
  - tölfræði leikmannsins úr leikskýrslum.
- d) Leikmanni sem færður er milli flokka er heimilt að leika með sínum frumflokki.

### 3. gr.

Framkvæmdastjóri hefur á hverjum tíma heimild til að fella úr gildi eða takmarka flutning á milli flokka.

- a) Úrskurði framkvæmdastjóra ÍHÍ er ekki hægt að áfrýja.



#### **4. gr.**

Brot á þessari reglugerð skal fara með samkvæmt reglugerð 3. um viðurlög vegna ólöglegra leikmanna og 5. reglugerð um dómstóla.

#### **5. gr.**

Heimilt er að setja nánari útskýringar við reglugerð þessa og skulu þær teljast hluti af henni.

#### **Skýringar:**

1. Félögum er heimilt að sækja um fyrir fleiri leikmenn en ákvæðið segir til um en einungis má nota nefndan fjölda í hverjum leik, (3+1).
2. Upprunaflokkur telst sá flokkur sem leikmaðurinn fellur inn í samkvæmt reglugerð 13 um framkvæmd móta sbr. d) liður 2. gr.

*Samþykkt á Íshokkíþingi, 11. maí 2019.*